

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

11. mars 2025 157. tbl. 23. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is

Efnisyfirlit

■ Hagræðing	2
■ Myndgreining	4
■ Smárahverfi	6
■ Viðtalið	8



Núll lokunardagar í leikskólum Kópavogs /2



Greina myndir til að þekkja fólk og staði /4



Hugmyndafræði hæglætis /7

VIDTALIÐ/8

„Ánægjulegt þegar krakkarnir uppgötva nýja tónlist“

Össur Geirsson, heiðurslistamaður Kópavogs, er einn helsti máttarstólpi og áhrifavaldur í tónlistarlífi Kópavogsbúa. Í tilefni af 70 ára afmæli Kópavogs bjóða bæjarfélagið og Össur til stórtónleika í Norðurljósasal Hörpu sunnudaginn 16. mars kl. 17. Þar mun Össur stýra Skólahljómsveit Kópavogs sem skipuð er 60 hljóðfæraleikurum á aldrinum 13 til 20 ára.

VILDARKORT

LIND

FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsgagnahöllir: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúgger:** 30% afsláttur af alri innmáningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Park:** 30% afsláttur af öllum vörum nema ívæðingum. **Z. brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjan:** 30% afsláttur af írænlæstækjum og ljósum. **ATH:** Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING

TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Andrés Andrésson S: 662 5339
Jóhanna Eiriks
Guðmundur Örn Jóhannsson S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



RÉTTUM OG SPRAUTUM
ALLAR GERÐIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

BÓKAÐU TÍMA

ALMENNAR VIÐGERÐIR
BILANAGREINING
SMURÞJÓNUSTA
TÍMAREIMASKIPTI
VÉLAR, GÍRKASSAR & SJÁLFSKIPTING



564 1180

BILVOGUR@BILVOGUR.IS

AUDBREKKA 17 • 200 KÓPAVOGI

BÍLVÖGUR
BILVOGUR.IS

Sérhæfum okkur í réttingum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi

Við réttum og sprautum

Auðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141

www.varmiehf.is



Kjötbúð
í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA



KJÖTHUSIÐ
Kjötvinnsla

Smíðjuvegji 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is

AÐSENT

Núll lokunardagar í leikólum Kópavogs

Haustið 2023 voru innleiddar breytingar í leikskólum í Kópavogi þar sem meðal annars var gert ráð fyrir sex tíma gjaldfrjálsum leikskóla, auknum sveigjanleika í skráningu dvalarstunda og tekjutengingu afsláttá af leikskólagjöldum. Breytingar á leikskólaumhverfi Kópavogs áttu sér ekki stað í tómarúmi heldur var ráðist í breytingar til að bæta þessa mikilvægu þjónustu sem foreldrar treysta á.



Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs

Ástæðan fyrir þessum breytingum var grafalvarleg staða í leikskólakerfinu, deildir voru lokaðar heilu og hálfu dagana sökum manneklu og veikinda. Þá voru ekki allar deildir fullnýttar því ekki tókst að ráða inn starfsfólk og þess vegna færri börn sem fengu leikskólapláss. Það var því ábyrgðarhlutverk að horfast í

augu við vandann og grípa til aðgerða. Þessi staða einskorðast vissulega ekki við Kópavog heldur er þetta staða sem sveitarfélög almennt voru og eru enn sum hver að glíma við.

Eðlilega skapa svona róttækar breytingar viðbrögð og Kópavogsmódelið er ekki hafið yfir alla gagnrýni en sú gagnrýni þarf hins vegar að vera á rökum reist.

Til dæmis fullyrti Kvenréttindafélag Íslands að Kópavogsmódelið væri birtingarmynd bakslags í jafnréttisbaráttunni síðastliðin ár. Mikilvægt er að hafa í huga að leikskólur eru grunnstoð jafnréttis en með tilkomu þeirra var mikill sigur unninn í jafnréttisbaráttunni og er klárlega megin skýring á því að atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi sé sú hæsta í heimi. Með breytingum á leikskólaumhverfi í Kópavogi var því verið að standa vörð um þetta mikilvæga kerfi sem er lykilbreyta í jafnrétti kynja.

Í ályktun ASÍ var fullyrt að Kópavogsmódelið komi niður á láglaunafólki, innflytjendum og einstæðum foreldrum. Tvær kannanir hafa verið gerðar frá því Kópavogsmódelið var innleitt en meðal helstu niðurstaðna eru að tekjulægsti hópurinn og innflytjendur eru einna ánægðastir í

samanburði við aðra tekjuhópa og einna líklegastir til að nýta sér sex klukkustunda gjaldfrjálsa leikskólavist. Þá var sérstaklega reynt að ná til einstæðra foreldra með því hafa sérstaka tekjutengda afslætti sem einskorðast við þann hóp.

Vandinn var því ekki skortur á fjármagni líkt og haldið var fram heldur óviðunandi umhverfi fyrir starfsfólk og leikskólabörn og óstöðugleiki í þjónustu gagnvart foreldrum. Einn mesti stuðningur til barnafjölskyldna á Íslandi er niðurgreiðsla sveitarfélaga á leikskólagjöldum sem nema um 80 milljörðum króna árlega en hvergi er stuðningur til leikskólastigins hærra meðal Evrópuríkja mælt sem hlutfall af landsframleiðslu.

Það er því ánægjulegt að nú þegar rétt um 17 mánuðir eru liðnir og reynsla er komin á breytingarnar má heyra að ofangreindar gagnrýnissráddir hafa svo gott sem horfið.

Kópavogsmódelið hefur bætt þjónustuna

Markmið með innleiðingu á Kópavogsmódelinu var að tryggja aukinn stöðugleika í leikskólastarfi, standa vörð um faglega þjónustu og tryggja mönnum í leikskólum Kópavogs. Nú þegar reynsla er komin á breytingarnar sýna mælingar að gæði skólustarfsins hefur aukist til muna, aldrei hefur þurft að loka leikskólum í Kópavogi sökum manneklu eða veikinda, leikskólur í Kópavogi eru svo gott sem fullmannaðir og fleiri börn fá því leikskólapláss. Stöðugleiki í þjónustunni hefur því klárlega batnað til muna líkt og lagt var upp með í upphafi.

Í því samhengi er vert að hafa í huga að staðan í Kópavogi var fyrir breytingar víða sú sama og hjá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa gripið til aðgerða og þurfa reglulega að grípa til fálidunaráætla og lokana. Það er ljóst að sama staða væri uppi hjá okkur ef við hefðum ekki innleitt Kópavogsmódelið.

Nýverið var birt rannsókn sem gerð var af fræðimönnum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri þar sem áhrif breytinga á starfsumhverfi leikskóla í Kópavogi og á Akureyri voru metin, en þar hafa verið innleiddar svipaðar breytingar. Í þeirra rannsókn kemur fram að gæði skólustarfs hafi batnað til muna við breytingar hjá báðum sveitarfélögum. Starfsfólk telur að starfsaðstæður séu betri og skipulagning starfsins auðveldari. Þá sýnir rannsóknin jafnframt

að yfirgnæfandi meirihluti starfsfólks á leikskólum telur að börnunum líði betur eftir breytingarnar.

Mikilvægt er að rýna áfram stöðuna og gera breytingar ef til þess þarf. Staðreyndin er þó sú að Kópavogsmódelið hefur skilað árangri. Sem betur fer hlustuðum við sem gegnum forystu í Kópavogi ekki á úrtölráddir Kvenréttindafélagsins og ASÍ heldur héldum okkar striki með hagsmuni barna, foreldra og starfsfólks í Kópavogi að leiðarljósi.

HAGRÆÐING

Nauðsynlegt að hagræða vegna kjarasamnings kennara

Í minnisblaði sem Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs lagði fram í bæjarstjórn nýverið og vísað var til afgreiðslu bæjarráðs kemur fram að áætluð áhrif nýundirritaðra kjarasamninga kennara á bæjarsjóð vegna leik- og grunnskólakennara fyrir árið 2025 eru um 1.217 m.kr. eða 470 m.kr. umfram það sem fjárhagsáætlun ársins 2025 kveður á um. Á ársgrundvelli eru hækkanir metnar 570 m.kr. og á samningstímabilinu eru áætluð heildaráhrif kr. 1.380 m.kr. að öðru óbreyttu. Nauðsynlegt er að bregðast við þeim umframkostnaði sem samningarn-

ir leiða af sér og ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2025, segir í minnisblaði Ásdísar. „Lagt er því til að farið verði í hagræðingar þvert á svið bæjarins og skrifstofu áhættu- og fjárfestingar verði falið það verkefni að koma með tillögur til bæjarráðs um hvers konar aðgerðir unnt verði að grípa til. Tillögur skuli liggja fyrir á fundi bæjarráðs 20. mars n.k.“

Samningar KÍ við SÍs eru gerðir til þriggja ára og hafa í för með sér hækkan launa á tímabilinu um 24,5%. Fjárhagsáætlun Kópavogs-bæjar fyrir árið 2025 gerði ráð fyrir hækkan upp á um 9%.



Fríform 25 ára

Bjóðum 25% afslátt af öllum Nettoline innréttingum fram að páskaum

Við hönnum draumainnréttingar að þínum þörfum



Virka daga 10–17
Laugardaga 11–15

562–1500
Friform.is

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur

LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Opið: 13-16
alla virka daga
Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Hönnun: Guðmundur Arnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

KOMDU Í SUND Í KÓPAVOGI



Sund fyrir alla

Sundlaugar í Kópavogi bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu með vatnsrennibrautum, gufu, heitum og köldum pottum. Frítt fyrir yngri en 18 ára og 67 ára og eldri.

Opið

virka daga 6:30–22:00,
laugardaga og sunnudaga
8:00–18:00

Sundlaug Kópavogs
Borgarholtsbraut 17

Salalaug
Versöllum 3



Sundlaugar Kópavogs



FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

Öll almenn málningarvinna og viðhald á fasteignum

Ámundi S. Tómasson
Löggiltur málarameistari

MÁLARAR MÚRARAR SMÍÐIR

519 5949 fyrirtak@fyrirtak.is fyrirtak.is



ER VEISLA FRAMUNDAN?

XO
FUN - FAST - FUSION



Lakkskemman
Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,
sími: 557 4540, www.lakkskemman.is

SÖGUFÉLAG KÓPAVOGS

Greina myndir til að þekkja fólk og staði

Myndgreiningarfundir Sögufélags Kópavogs njóta mikilla vinsælda. Þeir eru fluttir yfir í Bókasafnið úr Héraðsskjalasafninu sem stendur til að loka. Sýningarnar fara fram á 1. hæð safnsins. Gömlum ljósmyndum er brugðið á skjá og spreyta menn sig á að þekkja fólk og staði.

Það er alltaf fjör á fundum Sögufélagsins þar sem gestir rýna í myndir úr Kópavogi fyrri ára og bera kennsl á myndefnið eftir bílmódelum eða hárgreiðslu. Vídd buxnaskálma hefur orðið til þess að koma gestum á sporið.



Þekkja lesendur þessa krakka og frá hvaða leikvelli myndin er tekin og hvenær? Ljósmynd: myndavefur Kópavogs.



VIÐBURÐUR

Össur Geirsson, heiðurslistamaður Kópavogs, býður á stórtónleika



Össur Geirsson, heiðurslistamaður Kópavogs.

Í tilefni af 70 ára afmæli Kópavogs bjóða bæjarfélagið og heiðurslistamaður Kópavogs, Össur Geirsson, til stórtónleika í Norðurljósasal Hörpu sunnudaginn 16. mars kl. 17. Þar mun Össur stýra Skólahljómsveit Kópavogs sem skipuð er 60 hljóðfæraleikurum á aldrinum 13 til 20 ára. Verkin sem flutt verða eru öll útsett af Össuri.

Á tónleikunum fer Össur yfir 30 ára feril sinn sem útsetjari og leikur sveitin valin verk frá ýmsum tímabilum. Össur hefur útsett, samið og flutt yfir 500 tónverk á ferli sínum og fá áheyrendur að upplifa þversnið af glæstum ferli hans, en með sanni má segja að Össur sé einn helsti máttar-

stólpi og áhrifavaldur í tónlistarlífi Kópavogsbúa.

„Að opna undraheima listarinnar fyrir börnum er mikilvægt starf og hugsanlega stundum svolítið vanmetið. Hvort sem um er að ræða tónlist, ritlist eða myndlist þá hef ég þá trú að listarnar gefi okkur góða og fallega sýn á lífið og allt það góða sem það hefur að bjóða,“ sagði Össur þegar hann tók við heiðursnafnbótinni sl. september og bætti við að tónlistaruppeldi væri það sem stæði honum næst.

„Mér finnst svo mikilvægt að kynna alls konar tónlist fyrir börnum, bæði nýja og gamla tónlist, geðatónlist sama hvaða tónlistarstíll við erum að tala um. Það er gaman að koma saman í hljómsveit og búa til tónlist og bæði upplífandi og gefandi að finna góðan samhljóm og vita að maður á sinn þátt í að framkalla þennan galdur. Þetta er eitthvað sem allir tónlistarnemendur taka með sér út í lífið, hvort sem þau leggja tónlistina fyrir sig sem starf eða áhugamál.“

Frítt er inn á tónleikana og öll velkomin.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórðarsson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson



Velkomin í sjónmælingu
í Hamraborg

ÉGC

GLERAUGNAVERSLUN

Hamraborg 10, Kópavogi | Sími: 554 3200 | Opið: Virka daga 9:30-18, laugardaga 11-14.

1



TANNSETRIÐ

Tannsetrið er tannlæknastofa fyrir alla aldurshópa. Við tökum vel á móti ykkur.

Hlíðasmára 17, S: 554 7070, tannsetrid@tannsetrid.is, tannsetrid.is

2



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Markmið fyrirtækisins er að sem flestir landsmenn heyrri vel.

Hlíðasmára 19, 2. hæð, S: 534 9600, heyrn@heyrn.is, heyrn.is

3



Italiano
Pizzeria

Góð þunnbotna pizza í þægilegu umhverfi

Hlíðasmári 15, s: 55-12345, italiano@italiano.is, italiano.is

4



tannprjói

Almennar tannlækningar fyrir börn og fullorðna.

Hlíðasmári 19, S: 546 4040, tannprydi@tannprydi.is, tannprydi.is

5



HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hafid fiskverslun er leiðandi á innanlandsmarkaði í sölu á ferskum fiski hvort sem er til neytenda, mótuneyta, grunnskóla eða annarra fiskverslana

Hlíðasmári 8, S: 554 7200, hlidasmari@hafid.is, hafid.is

FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA Í SMÁRAHVERFI

Þjónusta í heimabyggð

Góð þjónusta í Smárahverfi í Kópavogi



10

AMERÍKU FERDIR
EVROPU FERDIR

9

ÚRVAL ÚTSÝN

8

GLUGGAVINIR

7

sálstofan

6

TANNSETRIÐ

5

HAFID FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

4

tannprjói

3

Italiano Pizzeria

2

HEYRN HEYRNARÞJÓNUSTA

1

M

Loftmyndir ehf.
Grunnkort: Loftmyndir ehf.

6



Tannlæknastofan Tannbjörg var stofnuð árið 2002.

Hlíðasmári 1, 3. hæð, S: 564 2425, tannbjorg@tannbjorg.is, tannbjorg.is

7



sálstofan

Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglunga

Hlíðasmári 17, S: 519 2211 ritari@salstofan.is, salstofan.is

8



GLUGGAVINIR

Sala á öllum tegundum af gluggum

Hlíðasmára 9, S: 571 0888 gisli@gluggavinir.is, gluggavinir.is

9



ÚRVAL ÚTSÝN

Einn, tveir, þrír, og nú allir af stað með Úrval-Útsýn

Hlíðasmára 6, s: 585 4000, urvalutsyn@urvalutsyn.is

10



AMERÍKU FERDIR
EVROPU FERDIR

Sérhæfum okkur í ferðum til og um Evrópu fyrir hópa og einstaklinga.

Hlíðasmári 2, S: 599 3001 info@evropuferdir.is, evropuferdir.is



Emil B. Karlsson lýsir á áhrifaríkan hátt þessu ættarmeini.
Ljósmynd: Aðsend

HEILABLÆÐING

Ritar áhugaverða sögu fjölskyldu sinnar

Hvaða áhrif hefur það þegar afar sjaldgæf en arfgeng heilablæðing leggst á eina fjölskyldu? Hvernig er tilfinningin þegar skuggi fjölskyldusjúkdómsins hangir yfir og aldrei er vitað hvern hann mun leggjast á?

Arfgeng heilablæðing er sérslensk-ur erfðasjúkdómur, sem erfist ókyn-

bundið ríkjandi. Talið er að um helmingslíkur séu á að barn sem fæðist inn í fjölskyldu þar sem annað foreldrið er með sjúkdóminn erfi hann.

Í bókinni Sjávarföll - ættarsaga - ritar Emil B. Karlsson áhugaverða sögu fjölskyldu sinnar. Þar kemur við sögu arfgeng heilablæðing sem felldi marga einstaklinga - allt fólk í

blóma lífsins. Hann lýsir á áhrifaríkan hátt þessu ættarmeini og hvaða áhrif það hafði á fimm ætliði fjölskyldu hans, frá upplausn fjölskyldna og afleiðingum sem ættarmeinið olli.

Emil verður með erindi á Bókasafni Kópavogs, miðvikudaginn 12. mars frá klukkan 17-18 og segir gestum frá bókinni og sögu ættar sinnar.



Mynd: Unsplash/Gaelle Marcel.

ÁHUGAVERT

Hugmyndafræði hæglætis

Dagana 17.-19. mars verður Hæglætisvika á Bókasafni Kópavogs. Þá mun bókasafnið bjóða upp á fjölmarga viðburði til að fræða um og stuðla að hægari lífsstíl í okkar hraða þjóðfélagi.

17. mars kl. 17:00 verður Þóra Jónsdóttir, formaður Hæglætishreyfingarinnar á Íslandi með erindi um hugmyndafræði hreyfingarinnar um ávinning hæglætis fyrir samfélagið.

Hæglætishreyfingin er hreyfing fólks sem hefur tileinkað sér

eða hefur áhuga á að tileinka sér hæglæti. Hæglæti er val um að lifa meðvitað og hafa stjórn á og val um það hvernig tímanum er varið.

19. mars kl. 17:00 verður Dóra Svardsdóttir með fræðandi fyrirlestur um Slow Food hreyfinguna á Íslandi. Hún ætlar að deila áhugaverðum upplýsingum og hugmyndum um hvernig við getum öll stuðlað að betri og sjálfbærari matarmenningu.

Dagskrána í heild má finna á vef Bókasafns Kópavogs: bokasafn.kopavogur.is

Össur Geirsson í 30 ár

Kópavogsvogsbær, sem fagnar 70 ára afmæli á árinu og Össur Geirsson heiðurslistamaður Kópavogs bjóða til stórtónleika með Skólahljómsveit Kópavogs þar sem flutt verða verk frá 30 ára ferli Össurar.

Norðurljós, Harpa

Sunnudaginn 16. Mars kl.17:00

Aðgangur er ókeypis.

Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.



Kópavogsbær 70 ÁRA



ÍPRÓTTIR

Real Madrid Foundation Camp snýr aftur í sumar

Í sumar verður HK með Real Madrid Foundation Camp skólann vikuna 11. - 15. ágúst fyrir stráka og stelpur í 4. - 6. flokki. Skólinn verður öllum opin, óháð félagi.

Námskeið fyrir hádegi kl. 9:00-11:30 fyrir 4. og 6. flokk karla og kvenna og eftir hádegi kl. 13:00-15:30 fyrir 5. flokk karla og kvenna.

25 pláss er á hverju námskeiði í hverjum flokki. Biðlisti er í boði.



REAL MADRID FOUNDATION CAMP

BÖRN FÆDD 2011-2016

11. - 15. ÁGÚST | 47.500 KR. | KÓRINN

Participating with:

Össur Geirsson,
heiðurslistamaður Kópavogs.

VIÐTALIÐ

„Ánægjulegt þegar krakkarnir uppgötva nýja tónlist“



Össur Geirsson, heiðurslistamann Kópavogs og skólastjóra Skólahljómsveitar Kópavogs þarf vart að kynna. Eins og fram kemur á öðrum stað hér í blaðinu þá býður hann, ásamt Kópavogsbæ til stórtónleika í Norðurljóssal Hörpu sunnudaginn 16. mars kl. 17. Tilefnið er 70 ára afmæli Kópavogs. Hljóðfæraleikarar úr C-sveit Skólahljómsveit Kópavogs munu leika vinsæl lög sem Össur hefur útsett.

Getur þú sagt okkur frá C-sveitinni? Hvað er hún fjölmenn og á hvaða aldri eru þau? Hvað spila þau lengi í C-sveit?

C sveitin okkar er ætluð nemendum í 8. - 10. bekk grunnskóla. Svo er það bara þannig að mörg þeirra halda áfram að spila með sveitinni eftir að 10. bekk lýkur og því eru núna nokkur fjöldi eldri nemenda að spila með okkur. Sem er frábært því þau hjálpa til við að lyfta standardinum á hópnum öllum. Nokkur þeirra hafa þegar fengið viðurkenningu fyrir 10 ára veru í sveitinni. Sú viðurkenning er afhent á vortónleikum hljómsveitarinnar sem voru einmitt núna 2. mars í Háskólabíói.

Hvaða lög verða á dagskránni?

Efnisskráin verður ekki gefin upp fyrirfram en við munum spila lög úr ýmsum áttum og frá ýmsum tímum. Mest eru þetta íslensk lög enda var skortur á íslensku efni fyrir blásarsveitir til þess að ég fór út í þessa útsendingavinnu. Ég hef bæði útsett gömul íslensk þjóðlög og ekki síður íslensk dægurlög. Ég hef til dæmis sett mér það markmið að ústetja tíu dægurperlur eftir Gunnar Þórðarson í tilefni áttreisafmælis hans núna fyrr á árinu. Tónleikagestar mega því eiga von á fjölbreyttri tónlist á tónleikum.

Útsetningar þínar fyrir blásarsveitir eru oft ansi frumlegar og skemmtilegar. Hvaða lag/lög hefur verið skemmtilegast eða mest krefjandi að útsetja og af hverju?

Það er alltaf mest gaman að útsetja stórar syrpur með lögum ákveðinna listamanna. Ég hef gert syrpur með lögum Stuðmanna, Spilverksins og fleiri en líklega er eftirminnilegust syrpa aflögum sem Þursaflokkurinn flutti á ofanverðri síðustu öld. Sérstaklega ánægjulegt er þegar krakkarnir uppgötva nýja tónlist í gegnum útsetningar mínar. Tónlist sem þau hafa ekki kynnst áður en er svo komin í upphald hjá þeim eftir að við höfum æft og flutt verkin á tónleikum.

Hvaða lag/lög finnst krökkunum skemmtilegast að spila? Hefur það alltaf verið þannig?

Þursafónían sem ég nefndi hér áðan hefur einhverra hluta vegna alltaf fallið í kramið hjá krökkunum og ég hef þess vegna spilað hana með reglulegu millibili í gegnum um árin. Þetta er reyndar mjög krefjandi útsetning og ekki á allra valdi að spila hana sómasamlega. Svo er eitt erlent lag sem ég hef haft á efnisskránni í öllum tónleikaferðum erlendis sem ég hef farið í með SK og er orðið ómissandi hluti af hverri ferð. Það er lagið Feels So Good eftir flugelhornleikarann Chuck Mangione.

Útsetur þú nýjasta nýtt í poppinu sem krakkarnir þekkjast?

Já ég hef einmitt reynt að sinna því svo við séum að spila lög sem eru áberandi á hverjum tíma. Eurovisionlög koma þar oft við sögu eins og Think About Things með Daða Frey og aldrei að vita nema RÓA komi við sögu hjá okkur með vorinu.

Ég hef líka útsett það sem hægt er að kalla klassísk popplög eins og lög sem voru vinsæl á sjöunda áratugnum og hafa síðan lifað með þjóðinni. Einnig stóð ég fyrir því að ég og nokkrir aðrir íslenskir útsetjarar útsettu lög sem voru valin í sjónvarpsþáttinn „Óskalög þjóðarinnar“ fyrir nokkrum árum.

Verður eitthvað óvænt á tónleikumunum?

Eiginlega verða öll lög óvænt á tónleikumunum. Ég er búinn að undirbúa fleiri lög en þarf og breyti eflaust út frá efnisskránni eftir því í hvaða stuði ég verð á tónleikumunum. Það verður samt enginn leynigetur ef þú ert að velta því fyrir þér, en vonandi getur fólk treyst því að það verði gaman á tónleikumunum. Fjölbreytt tónlist og ýmis stílbrigði.

Þú ert að hætta sem skólastjóri SK í sumar en hvað tekur þá við?

Ég mun halda áfram að stjórna hljómsveitunum sem starfa undir merkjum SK þó ég stigi upp úr stól skólastjórans. Framundan er að halda upp á 60 ára afmæli hljómsveitarinnar í mars 2027 og þá verða glæsilegir afmælistónleikar í Eldborg sem hugsanlega, kannski og jafnvel verða síðustu tónleikarnir mínir. Með því að kveðja skólastjórastarfið fæ ég vonandi meiri tíma til að útsetja og hlakka til að verja meiri tíma í það og að hugsa meira um sjálfan mig og fjölskylduna mína. Hugmyndin um að setjast í helgan stein hefur ekki ennþá skotið upp kollinum hjá mér.

NOMY
VEISLUÞJÓNUSTA

ER FERMING FRAMUNDAN?

Í fermingunni þarf maturinn að höfða til ungra sem aldinna og kunnum við svo sannarlega að brúa það bil.

FERMING



FRÉTTIR

GK mót yngri

GK mót yngri fór fram um helgina 7.- 9. febrúar í umsjá Gerplu í íþróttahúsinu í Digra-nesi. Alls voru um 800 keppendur á mótinu í 67 liðum frá 13 félögum. Keppt var í 5. flokki, 4. flokki, KKY og stökkfimi.

Á föstudeginum var keppt í 4. flokk B deild þar sem Gerpla 3 mætti til leiks og stóðu sig vel og enduðu þær í 8. sæti. Á laugardeginum byrjaði dagurinn á stökkfimi þar sem Gerpla kk og Gerpla 5 tóku þátt. Bæði lið áttu mjög flott mót og enduðu strákarnir í 2. sæti og stelpurnar í 4. sæti. Stelpurnar voru einnig mjög nálægt fyrsta sætinu á gólfi og dýnu, þar sem þær voru í öðru sæti á þeim áhöldum.

Gerpla 1 og 2 tóku svo þátt í A deild í 4. flokki og er Gerpla eina félagið sem er með tvö lið í þeirri deild.

Stelpurnar stóðu sig mjög vel og voru meðflottar gólfæfingar og hrein og fin stökk. Gerpla 1 endaði í 3. sæti og Gerpla 2 í 5. sæti. Laugardagurinn endaði svo á keppni í 4. flokki C deild þar sem Gerpla var með eitt lið og enduðu þær í 7. sæti í þeirri deild.



Á sunnudeginum var svo keppt í 5. flokki og KKY. Gerpla var með tvö lið í fyrsta hlutanum í 5. flokki og eru það stelpurnar sem voru að keppa á sínu fyrsta móti hjá fimleikasambandinu. Stelpurnar voru ótrúlega flottar í dansinum og voru þær að gera flottar æfingar á dýnu og trampólíni. Í þessum flokki er ekki keppt til verðlauna heldur fá allir keppendur viðurkenningskjal til að taka með sér heim. Gleðin skein í gegn hjá stelpunum og áttu þær flott mót og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Mótið gekk ótrúlega vel og var gaman að sjá alla þessa flottu krakka mæta og sýna hvað þau eru búin að vera dugleg að æfa sig.

GK mót eldri og Mótaröð 2

Helgina 28. febrúar-2. mars var haldið GK mót fyrir eldri flokka og Mótaröð 2 í Ásgarði í Garðabæ. Gerpla sendi 8 lið til keppni þessa helgi og stóðu þau sig vel. Á mótinu var keppt í svokallaða sémi lendingu sem þýðir að lendingardýnan er aðeins mýkri en venjulega. Liðin notuðu mótið sem æfingamót í undirbúningum sínum fyrir Bikarmót sem fer fram dagana 21.-23. mars í Fjölni.

2. flokkur keppti á föstudeginum og átti Gerpla tvö lið þar, kvenna lið og mix lið. Kvennaliðið varð í fyrsta sæti og stóð sig sérstaklega vel á trampólíninu sem er mjög jákvætt því mikil áhersla hefur verið hjá þeim að bæta það áhald. 2. flokkur mix varð í 2. sæti á mótinu og gekk þeim best á dýnunni. Gaman var að sjá að það voru þrjú liði í þessum flokk þannig að keppnin var hörð.

Á laugardeginum var svo komið að elstu liðunum okkar sem kepptu á Mótaröðamóti nr 2 þetta árið. 1. flokkur kvenna átti mjög gott trampolín og voru að bæta við sig erfleika jafnt og þétt. Meistaraflokkur kvenna átti einnig mjög gott trampolín og voru með hæstu einkunn á mótinu á því áhaldi. Meistaraflokkur kvenna frumsýndi einnig nýjan dans sem er



búin að vera í vinnslu síðan snemma síðasta haust og gekk hann nokkuð vel.

Á sunnudeginum var svo komið að 3. flokk og KKe. 3. flokkur 3 í stökkfimi átti mjög góðan dag og enduðu í 1. sæti í þeim hluta, þær voru sérstaklega flottar í dansinum og uppskárú hæstu einkun þar. 3. flokkur 4 varð í 5. sæti og stóð þær sig best á dýnu og trampólíninu en vantaði aðeins upp á í dansinum til að berjast við efstu liðin í hlutanum. Strákarnir í KKe áttu gott mót og enduðu í 3. sæti. Þeim gekk best á trampólíninu.

Seinasti flokkurinn á mótinu var svo 3. flokkur A deild og átti Gerpa 2 lið þar. 3. flokkur 1 endaði í 3. sæti á mótinu en þær áttu fint mót fyrir utan smá hnökra í umferð 3 á dýnunni. 3. flokkur 2 endaði í 6. sæti og var gaman að sjá hvað þær voru búnar að bæta sig mikið á dýnunni frá síðasta móti.

Framundan

Bikarmótið í áhald- og hópfimleikum fer fram helgina 21.-23. mars í Fjölni. Hvetjum alla til að mæta en einnig verður sýnt í beinni á RÚV. Mótið er eitt af úrtökumótum fyrir landsliðverkefni í áhaldafimleikum sem fara fram í vor/sumar og einnig kemur í ljós hvaða lið munu taka þátt á Norðurlandamótinu í hópfimleikum í haust, sem verður haldið í Finnlandi.



Ungar

Nú er Gerpla farin aftur af stað með tíma fyrir þessi yngstu. Opíð hús fyrir foreldra og börn 2 ára og yngri að koma í heimsókn í fimleikasalinn. Tíminn er á fimmtudögum milli 11:30-13:00 í Versölum og kosta 500 kr skiptið.



Iceland Classic 2025

Iceland Classic var haldið dagana 27. febrúar-2. mars í Versölum, þetta er í sjötta sinn sem mótið er haldið og í annað sinn sem Iceland Classic International fer fram í frjálsum æfingum. Í ár fengum við góða gesti á mótið frá Slóveníu sem voru með keppendur í senior-, junior- og youthflokkum kvennamegin. Við fengum einnig fyrirspurnir frá félögum í Danmörku, Bretlandi og Dubai sem gleður okkur mjög að möguleiki sé að stækka mótið á næstu árum. Einnig fengum við keppendur frá Ármanni, Björk, Fjölni, Keflavík, Stjörnunni og Gerplu.

Tæplega 700 keppendur fóru í gegnum Versali um helgina. Keppt var í þrepum íslenska fimleikastigans, Landsreglum og í þrepum Special Olympics í annað sinn. Mótið var í níu hlutum og hófst keppni í fyrsta sinn á fimmtudegi seinni part og haldið áfram á föstudagsmorgni. Mótið er orðið það stórt að keppa þurfti í þrjá og hálfan dag. Mótinu lauk á sunnudagskvöldi.

Keppt var í 6. þrepi karla og kvenna, þar sem keppendur eru að stiga sín fyrstu skref í fimleikastiganum og svo var keppt í 5.-1. þrepi karla og kvenna og landsreglum í nokkrum aldursflokkum.



Iceland Classic International var haldið í annað sinn og þar var keppt í frjálsum æfingum í þrem flokkum kvenna og karlamegin. Keppt var í drengjaflokkum, stúlknaflokkum, unglingaflokkum og fullorðinsflokkum hjá báðum kynjum.

Á föstudeginum 28. febrúar var keppt í liðakeppni og í fjölþraut. Liðakeppnin var þannig uppsett að fimm voru saman í liði, fimm kepptu og þrjár hæstu á hverju áhaldi töldu til liðs. Kvennamegin voru sex lið skráð til leiks og þrjú lið karlamegin. Einnig var keppt í fjölþraut í öllum flokkum. Á laugardeginum var svo keppt til úrslita á áhöldum þar sem sex stigahæstu keppendur úr hverjum

flokkum á hverju áhaldi kepptu til úrslita. Mótið er tilvalið til að hita upp fyrir keppnistímabilið í frjálsum æfingum en bikarmótið verður haldið eftir 3 vikur.

Við viljum þakka öllum keppendum, þjálfurum, dómurum, stuðningsmönnum sem fylltu stúkuna alla helgina og okkar frábæra starfsfólki og sjálfbodaliðum sem gerðu helgina ógleymanlega fyrir alla keppendur.

Sérstaklega viljum við þakka styrktaraðilum mótsins fyrir þeirra aðkomu að mótinu: GK á Íslandi, Hverslun, Hreppamjólk, Skopp, Subway, Saffran, Keiluhöllin, Serrano og Ágúst Ingi Davíðsson fasteignasali.



Prepamót, 1-3. þrep.

Þrepamót í 1.-3. þrepi

Þrepamót FSÍ í 1.-3 þrepi fór fram á tveim stöðum, helgina 15.-16. febrúar. Drengirnir kepptu í Ármanni og stúlkurnar í Keflavík í fyrsta skipti á FSÍ móti. Iðkendur Gerplu áttu virkilega flott mót og var gaman að fylgjast með þeim uppskera ríkulega eftir miklar æfingar frá síðasta móti.

Keppnin hófst á laugardeginum hjá drengjunum í Ármanni þar sem allir kepptu þann dag. Virkilega flottur dagur hjá strákunum okkar og röðuðu þeir inn verðlaunum á mótinu. Í 1. þrepi karla sigraði Eysteinn Daði Hjaltason fjölþrautina og fékk einnig gullverðlaun á svifrá. Arnór Snær Hauksson sigraði æfingar á gólfi og stökk. Kári Hjaltason sigraði bogahest, hringi og tvíslá. Í 2. þrepi var það Kári Arnarson sem sigraði fjölþraut og einnig stökk. Zsom-

bor Ferenc Kováts sigraði æfingar á gólfi og hringjum. Tadas Eidukonis sigraði síðan æfingar á tvíslá og bogahesti, Bjarni Hafþór Jóhannsson sigraði æfingar á svifrá. Í 3. þrepi var keppt í tveim aldursflokkum 13 ára og yngri, og 14 ára og eldri. Gerpla átti tvo keppendur í 3. þrepi og voru þeir í sitthvorum aldursflokknum, Hrnannar Már Másson sigraði fjölþraut í 3. þrepi 14 ára og eldri, ásamt því að sigra gólfæfingar, bogahest, tvíslá og svifrá svo fékk hann silfurverðlaun á hringjum og stökk.

Þrepamót í 4.-5. þrepi

Daga 1.-2. febrúar fór fram Prepamót 2 í íþróttahúsi Fylkis í Norðlingaholti. Keppt var í 4. og 5. þrepi Fimleikastigans bæði í stúlkna og drengjaflokkum. Gerpla sendi glæsilega fulltrúa til leiks, 19 drengi og 28 stúlkur. Þau sýndu öll glæsilegar æfingar og var gaman að sjá framfarirnar hjá þeim á milli móta.

Viktória Stella Viktorsdóttir
Dagmar Arnarsdóttir
Ásta Björg Jónsdóttir
Viktória Mjöll Jóhannesdóttir
Bergur Hrafn Hólm Friðbjörnsson
Eiður Axel Andrason

4. þrep

Birta Marín Ingólfssdóttir
Kolbrún Sara Davíðsdóttir
Emma Rakef Alfreðsdóttir
Maggi Þór Halldórsson
Alexander Húgó Baldursson
Bjarki Þór Ársælssson
Einar Hrafn Sigurðsson
Arnar Logi Sigurðsson

Keppendur Gerplu sem náðu þrepi:

5. þrep
Emilía Alba Árnadóttir
Natasha Bao Ngoc Dorozinska
Alda María Maack

Stúlkurnar 1. þrepi fylgdu svo á eftir og kepptu í Keflavík seinnipartinn á laugardag. Frábær árangur hjá okkar konum, þar sem Elfa María Reynisdóttir sigraði fjölþraut, stökk, jafnvægisslá og gólf í flokki 13 ára og yngri ásamt því að næla sér í bronsverðlaun á tvíslá. Sólný Inga Hilmarsdóttir sigraði fjölþraut, stökk og tvíslá. Hún fékk einnig bronsverðlaun á gólfi í flokki 14 ára og eldri. Aníta Eik Davíðsdóttir fékk silfurverðlaun í fjölþraut og bronsverðlaun á tvíslá. Alma Rún Oddsdóttir varð síðan í þriðja sæti í fjölþraut og vann einnig til bronsverðlauna á stökk. Margrét Dóra Ragnarsdóttir vann síðan æfingar á gólfi.

Á sunnudeginum fór svo fram keppni í 2. þrepi um morguninn og í 3. þrepi eftir hádegi í tveim hlutum. Í 2. þrepi áttum við tvær stúlkur í keppni og stóðu þær sig frábærliga. Ísabella Benónýsdóttir sigraði fjölþrautina og var Berglind Sara Erlingsdóttir í 2. sæti. Ísabella sigraði síðan stökk og gólf og fékk silfurverðlaun á jafnvægisslá. Berglind Sara Erlingsdóttir sigraði svo tvíslánnu.

Í 3. þrepi 11 ára og yngri keppti einn keppandi, Tanja Míst Þorgeirsdóttir, hún varð í 2. sæti í fjölþraut, sigraði svo stökk og gólf og fékk bronsverðlaun á slá og tvíslá. 3. þrep 12 ára, Ingibjörg Lea Plédel Eymarsdóttir sigraði fjölþrautina og varð Berglind Björk Atladóttir í 2. sæti. Ingibjörg Lea sigraði síðan stökk og slá, hún fékk einnig bronsverðlaun á gólfi. Berglind Björk sigraði gólflið og fékk silfurverðlaun á stökk, tvíslá og bronsverðlaun á slá. Í síðasta hluta mótsins kepptu stúlkurnar í 3. þrepi 13 ára og eldri. Jóhanna Bryndís Andradóttir varð í 3. sæti í fjölþraut. Mía Jonsdóttir Silness var í 2. sæti á stökk og Amalía Ívarsdóttir í 3. sæti á gólfi.

Samfélagsmiðlar Gerplu

Hægt að skoða fleiri myndir inná gerpla.smugmug.com og fylgjast betur með okkur á Instagram reikningum.

@ithrotttafelagidgerpla

@gerplateamgym Áhaldafimleikar

@gerplaartistic Hópfimleikar

.....
KYNNING

Spennandi áfangastaðir

Úrval Útsýn býður upp á fjölmarga skemmtilega og spennandi áfangastaði næstu mánuði, hvort sem það eru ferðir í sólina eða borgarferðir. Í mars er lækkað verð á öllum sólarþökkum til Tenerife og Kanaríeyja þar sem sólarstrendur, golfvöllir og spennandi útivistarmöguleikar bíða landsmanna. Í tilefni 70 ára afmælis Úrval Útsýn er 10.000 kr. afsláttur á hverri bókun með kóðanum: UU70



„Það skiptir miklu máli að skoða vel öll tilboð sem dynja á okkur alla daga,“ segir Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals Útsýnar. „Þegar fólk kaupir pakkaferð, flug og gistingu hjá Úrval Útsýn, eru taska og handfarangur nefnilega alltaf innifalinn. Þegar bókað er stakt flug hjá mörgum flugfélögum þarf að bæta þessum aukakostnaði við upphaflegt verð og þá er eftir að panta gistingu. Það getur því borgað sig að kaupa pakkað hjá okkur og láta um leið okkar frábæra starfsfólk aðstoða við skipulagið.“

Þórunn bendir líka á að starfsfólk ferðaskrifstofunnar sé sérfræðingar í að sérsníða ferðir fyrir einstaklinga, smærri hópa og stærri hópa. „Þar kemur áratuga reynsla svo sannarlega að góðu gagni. Best er að senda tölvupóst á netfangið info@uu.is, og starfsfólk hennar aðstoðar við val á áfangastað, gistingu og ýmsar bókanir í sólina. Ef rétta gistingu finnst ekki á vef Úrvals Útsýnar er best að hafa samband við info@uu.is.“

Hún veur athygli á því að Úrval Útsýn er með sína eigin flugvél í öllu sólarflugi til og frá Íslandi. „Það er ítalska flugfélagið Neos Air sem



Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrval Útsýnar.

hefur séð um allt okkar flug í sólina yfir árið sem skapar mikil þægindi fyrir okkur og um leið viðskiptavinum okkar.“

Áfangastaðir í beinu flugi í sumar eru Almería, Krít, Verona á Ítalíu, Alicante, Benidorm, Calpe, Altea, Albir og Tenerife.

Einnig er í boði fjölbreytt úrval golfferða, sérferða um allan heim, borgarferða og siglinga. Sjáðu allt úrvalið á uu.is eða kíktu við á Hlíðasmára 6.



Bærinn Gunnarshólmi, mynd fengin frá Kópavogsbæ.

ADSENT

Lyfjaskolp við Gvendarbrunna. Skipulagsslys við Gunnarshólma

Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs hefur samþykkt að skoða alvarlega áform um að reisa heilsutengt ofurþorp fyrir 15.000 manns við Gunnarshólma, í miðju vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Svæðið er þekkt flóðasvæði þar sem áin Sudurá flæðir reglulega yfir bakka sína. Þar að auki eru undir svæðinu vatnsstraumar sem liggja til Gvendarbrunnanna, mikilvægasta auðlind höfuðborgarinnar.

Ofurskolplögn mun liggja frá svæðinu, neðanjarðar og umlukin grunnvatni. Íbúar svæðisins, sem að stórum hluta munu vera á lyfjum, og skila því lyfjaleifum út í skolpið. Ef lagnirnar byrja að leka, mun lyfjablandað skolp leka út í grunnvatnið án þess að nokkur verði þess var. Mörg lyf eru þrávir, brotna hægt niður og eiga greiða leið í vatnsból okkar.

Þrávirkar lyfjaleyfar í vatni

Þrávirkar lyfjaleyfar brotna hægt niður og geta safnast fyrir í vatnsauðlindum. Helstu flokkar slíkra efna sem gætu borist frá fyrirhugaðri byggð eru:

- Bólguþendi lyf – Eins og íbúprófen og diklófenak, sem hafa skaðleg áhrif á vatnalíf og menn.
- Þunglyndislyf og geðlyf – Flúoxetín (Prozac) og sertralín, sem geta valdið hegðunar breytingum í fiskum og öðrum vatnavistkerfum.
- Beta-blokkarar – Lyf við háum blóðþrýstingi sem geta haft



Kolbeinn Reginsson, líffræðingur og situr í bæjarstjórn Kópavogs fyrir hönd Vina Kópavogs.

áhrif á hjartslátt vatnadýra.

- Hormónalyf – Östrógenlyf, sérstaklega etínýlestradíól úr breytingaskeiðslyfjum, geta leitt til ófrjósemi í fiskistofnum og haft ófyrirséð áhrif á mannfólk.
- Sýklalyf – Lyf eins og súlfónamíð og ciprofloxacín geta stuðlað að sýklalyfjaónæmi, sem er alvarlegt lýðheilsuáhyggjuefni.

Skolpmagn og flutningsvandamál

Meðalnotkun vatns á mann er 150–200 lítrar á dag, en um helmingur þess endar sem skolp. Bygðin mun losa um 1.125.000–1.500.000 lítra af

skolpi á dag. Þar sem svæðið er í dæld, þarf að dæla skolpinu upp á móti í yfirþrýstu fráveitukerfi til að sameinast kerfi höfuðborgarinnar.

Yfirþrýst fráveitukerfi skapar sérstakar áskoranir:

- Aukin hættu á leka – Háþrýstingur í löngum lögnum eykur hættu á sprungu- og samskreytabilunum, sem getur valdið mengun grunnvatns.
- Viðhald og tæring – Langtímanotkun yfirþrýstra lagna veldur hraðari tæringu, sérstaklega ef skolpið er súrt eða inniheldur ætandi efni.
- Stíflur og skemmdir – Fitumyndun og set geta valdið stíflum, sem geta leitt til bakflæðis og yfirfalls á óæskilegum stöðum.

Niðurstaða

Bygging þéttbýlis á viðkvæmu vatnsverndarsvæði er áhættusöm og kallar á ítarlega úttekt á áhrifum lyfjaleyfa í skolpi, skolpmagni og ástandi fráveitukerfa. Þrávirkar lyfjaleyfar geta haft alvarleg áhrif á vistkerfi og lýðheilsu. Þar að auki kallar staðsetning byggðarinnar á dýrar og viðhaldsfrékar lausnir vegna háþrýstingsdælingar skolps og „hver á að gera það!“

Meirihluti bæjarstjórnar virðist hins vegar telja að ef enginn talar um vandamálið, þá sé það ekki til. En ef mengunarslys verður, er það framtíðarkynslóðanna að takast á við afleiðingarnar.

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Kópavogi

GLUGGAVINIR
Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is

Arion banki

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is

BÍLRÚÐAN
Smiðjuvegi 14, Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755

CAR-MED
bilaverkstæði
Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is

BÍLRÚÐU MEISTARINN
Vinnum fyrir öll tryggingafélög
Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

Flutningsþjónusta Mikael
Flytjum það sem þú vilt flytja
Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is

REYKOFNINN EHF.
Smiðjuvegi 14 (bleik gata),
s: 557 2122,
info@reykofninn.com,
reykofninn.is

HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki | Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silfurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegi 4C, 200 Kópavogi | Sími 587 2202 | hagblikk@hagblikk.is | hagblikk.is

Sótt tilboð

6.390 kr.



16" pizza af matseðli og 16" margarita eða hvítlauksbrauð

6.490 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

2.990 kr.



Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



5.590 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, líttill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

6.390 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegis tilboð

2.490 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

2.290 kr.



9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13



Rafmagnsbílar

ZERO EMISSION

Allir á staðnum! Komdu við og
sparaðu með okkur!

NÝR EX90 ULTRA PERFORMANCE



VERÐ 16.990.000.

- 100% RAFMAGN
- 7 MANNA
- 600KM UPPGEFIN DRÆGNI
- KRÓKUR
- BESTI 7 MANNA RAFJEPPINN
- FULLBÚINN BÍLL MEÐ ÖLLU

NÝR VOLVO XC90 ULTRA T8



VERÐ 14.990.000.-

- GLÆNÝR
- DRÁTTARGETA 2400KG
- DRÆGNI UM 70 KM
- KRÓKUR
- HITI Í SÆTUM
- HITI Í STÝRI

NÝR VOLVO XC60 PLUS PHEV



VERÐ 9.990.000.-

- PANORAMA ÞAK
- TENGILTVINN
- LEÐURSÆTI MEÐ MINNI
- KRÓKUR
- SUMAR OG VETRARDEKK
- HITI Í SÆTUM

2022 PORSCHE CAYENNE PHEV



VERÐ 13.990.000.-

- EKINN 77.Þ KM
- 521HÖ - 4 SEK 0-100KM/H
- MAGNAÐAR GRÆJUR
- RAUÐ LEÐURSÆTI
- RAFMAGN OG MINNI
- 22" PORSCHE FELGUR

